

**82. fundur Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
10. febrúar 2014 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB), Aðalmaður, Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB),
Formaður, Krístrún Guðjónsdóttir (KG), aðalmaður, Kolbrún Sigurðardóttir,
Áheyrnarfulltrúi, Jenný Lára Magnadóttir (JLM), áheyrnarfulltrúi og Helga Birna
Berthelsen (HBB), embættismaður.

Fundargerð ritaði: Birna S. Benediktsdóttir, ritari

Dagskrá:

1. Þróunarskólaverkefnið - 1402005

*Helga Birna upplýsti nefndina að Björk Óttarsdóttir er nýr tengiliður okkar í
Menntamálaráðuneytinu og tíminn verkefnisins er þetta ár 2014 og 2015. Áslaug Hulda
framkvæmdastjóri Hjallastefnu var gestur fundarins.*

2. Upplýsingagjöf skólastjóra - 1402004

*Helga Birna fór yfir starfsmannamál tveir fóru úr starfsmannaliðinu á áramótum og
bættust þrír við í staðinn Indriði Freyr Indriðason, Þórkatla Ólafsdóttir og Tara
Sverrisdóttir og skólastarfið gengur vel. Sparifatadagur var haldin fyrsta daginn eftir
jólafri og tókst hann mjög vel. Danskennsla var í síðustu viku, á vegum Danskóla Jóns
Péturs og mikil ánægja með að hún sé komin aftur á dagskrá. Margrét Pála og Indriði
sveitarstjóri fóru í heimsókn í Grunnskólann í Vesturbyggð. Suðurfjarðarmót í skák var
haldið á Fosshótel í Vesturbyggð og hlaut Tálknafjarðarskóli tiltilinn að verða
suðurfjarðarmeistarar 2014. Þrír kennarar og kennsluráðgjafinn fór til London á stóra
skólasýningu, skólaheimsókn og tækniráðstefnu BETT. Þrír starfsmenn eru á leið til
Kaupmannahafnar og fara þaðan til Svíþjóðar í skóla sem er mjög framarlega í notkun
á spjaldtölvum. Þessi ferð er hluti af Norplus verkefni sem Tálknafjarðarskóli tekur þátt
í.*

3. Önnur mál - 1402003

Rætt um sérkennslu, fjármuni og úrræði í tengslum við það.

82. fundur
23. júlí 2018

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00.

Birna Benediktsdóttir (BB)

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir
(GSB)

Kristrún Guðjónsdóttir (KG)

Kolbrún Sigurðardóttir

Jenný Lára Magnadóttir
(JLM)

Helga Birna Berthelsen (HBB)
